

Heilbrigðisráðuneytið
Samráðsgátt mál nr. 247/2022

Reykjavík 18. janúar 2023

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027.

Virðingarfyllst,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Ellen Calmon
Framkvæmdastýra

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um drög að þingsályktunartillögu um aðgerðaáætlun í geðheilbrigðismálum 2023-2027

Barnaheill – Save the Children á Íslandi þakka fyrir tækifærið til að gera umsögn um ofangreint mál.

Samtökin fagna aðgerðaáætluninni og þeirri framsýnu hugsun sem þar má sjá. Barnaheill hvetja stjórnvöld og öll sem starfa innan geðheilbrigðiskerfisins til að taka höndum saman um innleiðingu hennar svo hún megi komast í framkvæmd sem allra fyrst.

Barnaheill vilja þó koma eftirfarandi á framfæri:

Óútfærðar aðgerðir:

Eins og aðgerðir líta út eru þær óútfærðar og óskilgreindar. Mikilvægt er að vinnu við innleiðingu þeirra verði hrundið af stað sem allra fyrst og að ábyrgðaraðilar fái nægilega skýr og skilgreind verkefni svo af þeim geti orðið en eins og fram kemur í athugasemdum með drögunum að þingsályktuninni komust aðeins þrjár aðgerða af átján aðgerðum í aðgerðaáætlun fyrir árin 2016-2020 til framkvæmda á réttum tíma. Það þykir Barnaheillum mjög miður og hvetja ráðuneytið til þess að tryggja að sú aðgerðaáætlun sem hér er verið að stefna að, verði framkvæmd að fullu.

Fjármögnun:

Barnaheill taka undir umsögn Geðhjálp og lýsa yfir áhyggjum af því að kostnaður af innleiðingu og rekstri aðgerðanna til framtíðar sé vanmetinn og skora á ráðuneytið að tryggja fjármögnun allra aðgerða áætlunarinnar til fulls. Það er brýnt að fjárfesta ríkulega í þjónustu við börn í dag, því það er sannarlega fjárfesting til framtíðar.

Gjaldfrjáls sálfræðiþjónusta fyrir börn

Tryggja þarf börnum gjaldfrjálsa geðheilbrigðisþjónustu og þar með gjaldfrjálsa sálfræðiþjónustu eða aðra þá meðferð sem börn kunna að þurfa til að takast á við geðrænar áskoranir sínar eða sinna nánustu.

Barnaheill veita forvarnafræðslu

Barnaheill fagna þeirri áherslu sem sett er á geðrækt og forvarnir. Nefna má að frá árinu 2014 hafa samtökin meðal annars boðið upp á forvarnafræðslu gegn einelti, Vínáttu, fyrir leikskóla, 1.-4. bekk grunnskóla, frístundaheimili og dagforeldra. Vínátta nýtur sívaxandi vinsælda og hefur ánægja með notkun þess verið mikil. Verkefnið er nú notað í um 65% allra leikskóla á landinu, í 62 grunnskólum og 18 frístundaheimilum, og breiðist hratt út. Samtökin hafa lagt mikla áherslu á forvarnir gegn ofbeldi og einelti og taka sannarlega undir að geðrækt ævina alla er mikilvæg til að viðhalda góðri líðan og draga úr líkum á geðrænum áskorunum. Samtökin taka gjarnan þátt í samráði um innleiðingu aðgerða er lúta að forvörnum og geðrækt.

Foreldrafærni mikilvæg

Samtökin fagna þeirri áherslu sem lögð er á mikilvægi foreldrafræðslu strax frá meðgöngu. Barnaheill hvetja til þess að öflugri foreldrafræðslu um virðingarríkt og mannréttindamiðað uppeldi barna verði komið á fót í öllum sveitafélögum sem allra fyrst og stuðlað verði að því að foreldrar og tilvonandi foreldrar líti það jákvæðum augum að sækja sér fræðslu um foreldrafærni. Mikil og jákvæð undiralda er víða í samfélaginu sem vert er að nýta til hraðrar og jákvæðrar uppbyggingar á foreldrafærni- og fræðslu.

Börn sem aðstandendur

Barnaheill fagna aðgerð 1.A.5. um að styðja skuli við börn sem aðstandendur fólks með langvinnan alvarlegan geðheilbrigðisvanda. Aðgerð þessi er með öllu útfærð og verður því að hvetja ábyrgðaraðila til að ástunda samráð við börn í þessum aðstæðum og tryggja þeim einstaklingsbundinn stuðning í samræmi við þörf sérhvers barns.

Þekking á mannréttindum barna

Afar brýnt er að allt fólk sem starfar með og fyrir börn, sem og foreldrar, fái reglulega fræðslu um mannréttindi barna og Barnasáttmálann. Réttur barna til upplýsinga, þátttöku, að láta skoðun sína í ljós, sem og til bestu heilbrigðisþjónustu sem völ er á eru réttindi sem þurfa að vera starfsfólki innan geðheilbrigðisþjónustunnar vel kunn og þurfa að vera iðkuð í allri þjónustu við börn.

Barnaheill taka að öðru leyti undir umsagnir Geðhjálp, Félagaráðgjafafélags Íslands og Barna- og fjölskyldustofu að því er varðar atriði sem lúta að börnum.

Barnaheill vinna að bættum mannréttindum barna og hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllu sínu starfi.